Frístundaheimilið Tígrisbær

Starfsáætlun 2026-2027





Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:
Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit:

Inngangur 3
Innra mat 2025-2026 3
Umbótaáætlun 2026-2027 4
Þróunarverkefni og áherslur starfsársins 5
Helstu dagsetningar 6
- Ágúst 6
- September 6
- Október 7
- Nóvember 7
- Desember 7
- Janúar 7
- Febrúar 8
- Mars 8
- Apríl 8
- Maí 8
- Júní 9
- Júlí 9

Inngangur

Í þessari starfsáætlun er fjallað um innra mat frístundaheimilisins Tígrisbær auk þess sem tilgreindir eru viðburðir og dagsetningar í hverjum mánuði sem skiptir máli í starfinu.

Markmið með innra mati er að efla árangur og gæði frístundastarfs. Metið er út frá útgefnum Viðmiðum og vísbendingum fyrir innra og ytra mat á gæðum frístundastarfs Reykjavíkurborgar þar sem vísbendingar sem þykja framúrskarandi eða mjög góðar eru taldar til styrkleika en vísbendingar sem fá einkunnina ábótavant eða óviðunandi fara í umbótaáætlun. Niðurstöður viðhorfskannana eru ávallt ryndar í innra mati.

Innra mat 2025-2026

Styrkleikar og tækifæri eru byggð á niðurstöðum úr innra mati síðasta árs og unnin út frá matsblöðum fyrir áhersluþætti innra mats.

Styrkleikar (vísbendingar sem fá A)

Börnin á frístundaheimilinu:

- ✓ Börnin eru virkir þátttakendur og hafa jöfn tækifæri til að hafa áhrif á starfið og aðstæður.
- ✓ Lýðræðisleg vinnubrögð eru hluti af reglulegu starfi með þeim hætti að hafa valtöflu, haldnir eru reglulegir barnafundir, afmælishátíðir á tveggja mánaða fresti auk þess sér 3.-4. bekkur algjörlega um sína dagskrá öllu jafna.
- ✓ Skilaboð til barnanna Í Tígrisbæ og allt skipulag varðandi starfsemina er myndrænt og í þeirra hæð út frá nálgun og hugmyndafræði Heillaspora og sjónræns skipulags frístundaheimila.
- ✓ Dagskipulagið, valtaflan og síðdegishressing er sjónrænt á veggjum í öllum rýmum.
- ✓ Almennar reglur frístundaheimilisins eru einnig myndrænar í hverju rými auk þessu erum við með myndrænar reglur í matsal.

Bjargir og skipulag:

- ✓ Markvisst samstarf er við foreldra, aðra samstarfsaðila og gott upplýsingaflæði um starfsemina.
- ✓ Tekið er á móti börnum og þau kvödd með skipulögðum hætti, þannig að ljóst sé hve mörg börn eru á frístundheimilinu hverju sinni.

Tækifæri (vísbendingar sem fá C eða D)

Mannauður og faglegt starf:

- ✓ Frístundaheimilið veitir viðeigandi fræðslu til nýrra starfsmanna frístundaheimilis, hvetur til símenntunar og skapar aðstæður til starfsþróunar.

Bjargir og skipulag:

- ✓ Úrval af efniviði og búnaði er til staðar sem höfðar til mismunandi áhugasviðs barna og mætir þörfum þeirra óháð aldri og þroska.

Umbótaáætlun 2026-2027

Heiti aðgerðar: Útitivist í nærumhverfinu	
Umbótaþáttur/matsþáttur:	Börnin eru hvött til að vera forvitin og takast á við fjölbreytt og krefjandi verkefni þar sem náttúra og nærumhverfi eru nýtt sem vettvangur leiks og starfs.
Tækifæri til umbóta:	Vera með fleiri klúbba tengda útivist, einn fyrir áramót og annan útivistarklúbb eftir áramót. Hafa mánaðarlega smiðjur með viðfangsefnum tengdum útivist út frá hugmynum barnanna. Nýta markvisst náttúru og nærumhverfið fyrir smiðjur/klúbbastarf.
Aðgerðir til umbóta:	✓ Nýta efnivið og svæðin í nærumhverfinu (laufblöð, mála steina, fjöruferðir, göngutúrar, útieldunaraðstöðu, önnur leiksvæði og Frístundagarðinn í Gufunesbæ). ✓ Nýta frístundalæsi: náttúru og umhverfislæsi til útináms og setja í mánaðardagal. ✓ Hafa vikulega útileiki. ✓ Ákveða á starfsmannafundi hver ætlar að sjá um smiðjur/klúbba tengda náttúru og útivist.
Ábyrgð:	Forstöðumaður og aðstoðarforstöðumaður
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok:	Október 2026- maí 2027
Hvenær og hvernig á að endurmeta:	Endurmatið mun fara fram tvisvar á skólaárinu á starfsmannafundi. Þá fara starfsmenn sem voru með klúbba/smiðjur yfir þátttöku og áhuga barnanna, hvað gekk vel og hvað mátti betur fara.
Viðmið um árangur:	✓ Tveir útivistaklúbbar verða í boði þetta skólaár. ✓ Smiðjur haldnar reglulega sem tengjast útivist út frá áhugasviði og hugmyndum barnanna. ✓ Aukinn áhugi barna, þekking og reynsla á nærumhverfi sínu skapast með fjölbreyttum og áhugaverðum klúbbum/smiðjum. Kannað með einföldum könnunum við lok smiðju og klúbba. ✓ Þátttaka barna í útivistartengdum verkefnum eykst.

Heiti aðgerðar: Starfsþróun starfsfólks	
Umbótaþáttur/matsþáttur:	Frístundaheimilið veitir viðeigandi fræðslu til nýrra starfsmanna frístundaheimilis, hvetur til símenntunar og skapar aðstæður til starfsþróunar.
Tækifæri til umbóta:	Hvetja starfsfólk enn frekar til starfsþróunar og nýta starfsþróunarviðtöl t.d. til þess að greina fræðsluþörf. Nýta menntastefnuna með markvissari hætti.
Aðgerðir til umbóta:	✓ Setja upp fræðsluáætlun eftir starfsþróunarsamtöl að hausti 2026 fyrir hvern mánuð.

	✓ Nýta fræðslur á Torginu og önnur námskeið/fræðslu sem starfsfólki stendur til boða. ✓ Nýta starfsmannafundi til faglegrar umræðu um hvar þörfin er brýnust fyrir þá þætti starfsins sem starfsfólk er óöruggt með.
Ábyrgð:	Forstöðumaður og aðstoðarforstöðumaður
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok:	Október 2026 til maí 2027
Hvenær og hvernig á að endurmeta:	Staðan verður endurmetin í janúar/febrúar 2027. Umræða verður tekin fyrir á starfsmannafundum varðandi þá þætti sem þau hafa tileinkað sér út frá fræðslunum.
Viðmið um árangur:	✓ Fylgjast með og tryggja að starfsfólk sæki sér fræðslu á Torginu. ✓ Nýtt starfsfólk fer á nýliðafræðslu á Torginu ✓ Fjölbreytt áhugasvið starfsfólks endurspeglast í fjölbreyttri dagskrá, smiðjum og vali. ✓ Hafa umræður á starfsmannafundum eftir smiðjur/klúbba og ígrunda.

Heiti aðgerðar: Starfsþróunarsamtöl	
Umbótaþáttur/matsþáttur:	Frístundaheimilið skapar aðstæður til starfsþróunar með samtölum við starfsfólk.
Tækifæri til umbóta:	Hvetja starfsfólk enn frekar til starfsþróunar og nýta starfsþróunarviðtöl t.d. til þess að greina fræðsluþörf og aðstoð sem hver og einn þarf á að halda.
Aðgerðir til umbóta:	✓ Taka markviss stutt samtöl tvisvar til þrisvar sinnum við nýliða fyrstu vikur þeirra í starfi til þess að gefa þeim tækifæri til að tjá sig um starfið og átta sig á hvað gengur vel og hvað vantar upp á. ✓ Nýta form sem til er til að halda utan um stuttu samtölin. ✓ Meta hvaða fræðslu eða stuðning hver og einn þarf á að halda ✓ Starfsþróunarsamtöl við allt starfsfólk í janúar til að meta stöðuna og ná að vinna með þau atriði sem þörf er á hjá hverjum og einum.
Ábyrgð:	Forstöðumaður og aðstoðarforstöðumaður
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok:	Október 2026 til maí 2027
Hvenær og hvernig á að endurmeta:	Staðan verður endurmetin að loknum samtölum við starfsfólk.
Viðmið um árangur:	✓ Að nýliðar hafi fengið stuðning í upphafi starfsins. ✓ Að starfsþróunarsamtöl við allt starfsfólk hafi farið fram

Þróunarverkefni og áherslur starfsársins

Barnalýðræði er rauði þráðurinn í starfsháttum Tígrisbæjar. Barnalýðræði felur í sér að börn fá raunveruleg tækifæri til að tjá skoðanir sínar, hafa áhrif á ákvarðanir sem varða þau og taka þátt í mótun starfsins. Í Tígrisbæ er því lögð rík áhersla á að raddir barna heyrist og að sjónarmið þeirra séu metin og virt. Í daglegu starfi birtist barnalýðræði á fjölbreyttan hátt. Börn taka þátt í vali á verkefnum, þróun leiksvæða, skipulagningu viðburða og umræðum um reglur og samskipti innan hópsins. Með því að veita börnum tækifæri til að hafa áhrif á starfsemina eykst ábyrgðartilfinning þeirra, sjálfstæði og trú á eigin getu til að hafa áhrif á umhverfi sitt.

Frístundalæsi er mikilvægur þáttur í starfi Tígrisbæjar og felur í sér að börn fá tækifæri til að efla félagslega, persónulega og skapandi færni í gegnum fjölbreytt þemu frístundalæsis s.s. útivist, hreyfingu og öðru menningarstarfi. Á þessu skólaári verður unnið markvisst með frístundalæsi í hverjum mánuði.

Tígrisbær var einn af þeim starfsstöðum hjá Reykjavíkurborg sem tók þátt í innleiðingu á hugmyndafræði Heillaspora. Verkefnið hófst haustið 2024 og því lauk núna vorið 2026 með skýrslugerð og kynningu á innleiðingarferlinu. Leiðarljós Heillaspora eru að börn og starfsfólk upplifi frístundaheimilið sem öruggan stað, að þeim sé mætt af næmni og skilningi og upplifi stöðugleika. Einnig að bæði börn og starfsfólk geti treyst á örugg tengsl, geti tjáð sínar skoðanir, hafi rödd og finni að hlustað sé á þau. Starfsemi Tígrisbæjar hefur tileinkað sér þessi gildi eða leiðarljós Heillaspora.

Jafnframt er rík áhersla lögð á réttindi barna út frá Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í öllu daglegu starfi Tígrisbæjar. Tígrisbær mun fá viðurkenningu núna 20.nóvember 2026 og verður þ.a.l. orðið eitt af réttindafrístundaheimilum UNICEF.

Helstu dagsetningar

Ágúst

- ✓ Starfsdagur 21. ágúst
- ✓ Skólasetning 24.ágúst
- ✓ Fyrsti dagur í vetrarstarfi 25.ágúst
- ✓ Senda glærukynningu sem notast var við í Vorskólanum á foreldra barna í 1.bekk + upplýsingabækling um frístundastarf Tígrisbæjar
- ✓ Merkja öll rými og yfirfara allar merkingar
- ✓ Merkja snaga
- ✓ Seglar fyrir valtöflu
- ✓ Taka myndir af nýju starfsfólki og hengja upp í öllum rýmum
- ✓ Taka myndir af börnum fyrir valtöfluna
- ✓ Fréttabréf sent út með upplýsingum og myndum eftir mánuðinn

September

- ✓ Hugmyndir að dagskrá mánaðarins fyrir 3.-4. bekk skrifaðar niður
- ✓ Dagskrá fyrir mánuðinn og matseðill sendur á foreldra
- ✓ Skráning opnar fyrir lengda viðveru
- ✓ Afmælisdagatal útbúið og hengt upp á vegg í hjartarými
- ✓ Lengd viðvera 18.september
- ✓ Íþróttahús tekið í notkun einu sinni í viku
- ✓ Barnaráð hefst
- ✓ Afmælishátíð fyrir börn sem eiga afmæli í ágúst, september og október haldin

- ✓ Fréttabréf sent út með upplýsingum og myndum eftir mánuðinn

Október

- ✓ Hugmyndir að dagskrá mánaðarins fyrir 3.-4. bekk skrifaðar niður
- ✓ Dagskrá fyrir mánuðinn og matseðill sendur á foreldra
- ✓ Lengd viðvera 13.október
- ✓ Bleikur dagur 21. október: bleik síðdegishressing og bleikt föndur
- ✓ Vetrarleyfi 22.23., og 26.október (lokað í Tígrisbæ)
- ✓ Nýliðafræðsla fyrir starfsfólk 22.október
- ✓ Alþjóðlegi bangsadagurinn 27.október
- ✓ Hrekkjavökuföndur
- ✓ Hrekkjavökulestur fyrir 3.-4.bekk
- ✓ Hrekkjavaka haldin 30.október
- ✓ Fréttabréf sent út með upplýsingum og myndum eftir mánuðinn

Nóvember

- ✓ Hugmyndir að dagskrá mánaðarins fyrir 3.-4. bekk skrifaðar niður
- ✓ Dagskrá fyrir mánuðinn og matseðill sendur á foreldra
- ✓ Frístundalæsi hefst: lista- og menningarlæsi
- ✓ Félagsfærni Vöndu: félagsleg staða barna greind og flokkuð
- ✓ Klúbbastarf hefst: útivistarklúbbur
- ✓ Dagur gegn einelti 6.nóvember
- ✓ Jól í skókassa (2.bekkur)
- ✓ Barnaráðsfundur
- ✓ Starfsþróunarsamtöl
- ✓ Afmæli Barnasáttmálans 20.nóvember
- ✓ Fréttabréf sent út með upplýsingum og myndum eftir mánuðinn

Desember

- ✓ Hugmyndir að dagskrá mánaðarins fyrir 3.-4. bekk skrifaðar niður
- ✓ Dagskrá fyrir mánuðinn og matseðill sendur á foreldra
- ✓ Jólaskreyting Tígrisbæjar
- ✓ Jóladagskrá Úti er ævintýri í Gufunesbæ fyrir 1. og 2. bekk 17.nóvember og 24.nóvember
- ✓ Klúbbastarf: bókaklúbbur, upplestur á jólasögum, piparkökur og djús
- ✓ Jólapeysudagur
- ✓ Jólaföndur
- ✓ Jóladagur fyrir foreldra
- ✓ Afmælishátíð fyrir börn fædd í nóvember, desember og janúar haldin
- ✓ Skertur dagur 18.desember
- ✓ Leng viðvera: 21., 22., og 23. desember og 28., 29., og 30.desember vegna jólafrís
- ✓ Fréttabréf sent út með upplýsingum og myndum eftir mánuðinn

Janúar

- ✓ Hugmyndir að dagskrá mánaðarins fyrir 3.-4. bekk skrifaðar niður
- ✓ Dagskrá fyrir mánuðinn og matseðill sendur á foreldra
- ✓ Lengd viðvera 4.janúar
- ✓ Frístundalæsi: miðlalæsi
- ✓ Barnaráðsfundur
- ✓ Klúbbastarf: spilaklúbbur

- ✓ Fréttabréf sent út með upplýsingum og myndum eftir mánuðinn

Febrúar

- ✓ Hugmyndir að dagskrá mánaðarins fyrir 3.-4. bekk skrifaðar niður
- ✓ Dagskrá fyrir mánuðinn og matseðill sendur á foreldra
- ✓ Leng viðvera 5.febrúar
- ✓ Frístundalæsi: samfélagslæsi
- ✓ Barnaráðsfundur
- ✓ Klúbbastarf: Mixtúra
- ✓ Bolludagur 8.febrúar
- ✓ Sprengidagur 9.febrúar
- ✓ Öskudagur og skertur dagur 10.febrúar
- ✓ Vetrarleyfi 22.-23. febrúar (lokað í Tígrisbæ)
- ✓ Lengd viðvera 24.febrúar
- ✓ Glitrandi dagur 26.febrúar
- ✓ Fréttabréf sent út með upplýsingum og myndum eftir mánuðinn

Mars

- ✓ Hugmyndir að dagskrá mánaðarins fyrir 3.-4. bekk skrifaðar niður
- ✓ Dagskrá fyrir mánuðinn og matseðill sendur á foreldra
- ✓ Frístundalæsi: vísindalæsi
- ✓ Barnaráðsfundur
- ✓ Klúbbastarf: útivistarklúbbur
- ✓ Páskaföndur
- ✓ Afmælishátíð fyrir börn fædd í febrúar, mars og apríl haldin
- ✓ Downsdagurinn 21. mars
- ✓ Lengd viðvera 22.-24. mars vegna páskafrís
- ✓ Fréttabréf sent út með upplýsingum og myndum eftir mánuðinn

Apríl

- ✓ Hugmyndir að dagskrá mánaðarins fyrir 3.-4. bekk skrifaðar niður
- ✓ Dagskrá fyrir mánuðinn og matseðill sendur á foreldra
- ✓ Leikskólaheimsóknir
- ✓ Frístundalæsi: náttúru- og umhverfislæsi
- ✓ Barnaráðsfundur
- ✓ Klúbbastarf: óráðið
- ✓ Undirbúningur fyrir Barnamenningarhátíð 19.-25.apríl
- ✓ Menntastefnumót 27.apríl (lokað í Tígrisbæ)
- ✓ Fréttabréf sent út með upplýsingum og myndum eftir mánuðinn

Maí

- ✓ Hugmyndir að dagskrá mánaðarins fyrir 3.-4. bekk skrifaðar niður
- ✓ Dagskrá fyrir mánuðinn og matseðill sendur á foreldra
- ✓ Leikskólaheimsóknir
- ✓ Frístundalæsi: heilsulæsi
- ✓ Barnaráðsfundur
- ✓ Klúbbastarf: fótboltaklúbbur
- ✓ Lengd viðvera 7.maí
- ✓ Afmælishátíð fyrir börn fædd í maí, júní og júlí haldin

- ✓ Vorskólinn: forstöðumaður heldur kynningu fyrir foreldra verðandi 1.bekkinga
- ✓ Fréttabréf sent út með upplýsingum og myndum eftir mánuðinn

Júní

- ✓ Útskriftarferð 4. bekkjar 2.júní
- ✓ Árlegt vatnsblöðrustríð starfsmanna og barna á battavellinum
- ✓ Vorhátíð Tígrisbæjar 9.júní
- ✓ Skólaslit 10.júní (lokað í Tígrisbæ)
- ✓ Starfsdagur 11. Júní (lokað í Tígrisbæ)
- ✓ Sumarfrístund hefst 14.júní

Júlí

- ✓ Sumarstarf
- ✓ sumarlokun